



Áfanganúmer: FRAN1DF08 / SPÆN1ST08 / ÞÝSK1CF08

Prep: 1

Einingar: 8

Forkröfur: FRAN1BF08 / SPÆN1SA08 / ÞÝSK1BF08

Lýsandi heiti: Málfræði, málnotkun og menning tungumálsins; miðstig.

Áfangalýsing:

Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Textar verða smám saman lengri og þyngri. Orðaforði er aukinn, nemendur þjálfast í nýjum málfræðiatríðum og að mestu er lokið við að fara yfir grundvallarþætti málkerfis tungumálsins. Nemendur vinna með ýmis konar kennslufni, lesa einfalda texta og leysa ýmis verkefni þar að lútandi. Einnig er myndefni fléttað inn í kennsluna eftir föngum. Haldið er áfram að kynna menningu og staðhætti viðkomandi málsvæða. Hvatt er til aukins sjálfstæðis nemenda í vinnubrögðum og að þeir nýti sér ýmis hjálpargögn, s.s. orðabækur, málfræðibækur og Netið við upplýsingaöflun. Í lok ársins eiga nemendur að hafa náð kunnáttu upp á stig A2 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta leikni og hæfniviðmiðum þrepsins
- grundvallarþáttum málkerfis viðkomandi tungumáls
- ólíkum textagerðum og mismun á töluðu og rituðu máli
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem viðkomandi tungumál er talað sem móðurmál eða fyrsta mál og þekkja helstu samskiptavenjur

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgjast með frásögnum eða samtölum um almenn efni eða sérhæfðari málefni sem hann þekkir þar sem talað er skýrt, t.d. einfaldar leiðbeiningar og fyrirmæli, uppástungur og stuttar frásagnir
- skilja texta um almennt og þematengt efni sem fjallað er um í áfanganum og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangurinn er með lestrinum hverju sinni
- taka þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á eða tengist daglegu lífi t.d. fjölskyldu, áhugamálum, starfi, ferðalögum og málefnum líðandi stundar
- segja frá á skýran hátt í nútíð og þátíð og halda stutta kynningu á undirbúnu efni með því að beita orðaforða, setningagerð og framburði á sem réttastan hátt
- skrifa samfellda texta um ýmis efni sem hann þekkir, t.d. mannlýsingar og lýsingar á stöðum og umhverfi og geta betur en áður dregið ályktanir og tjáð eigin skoðanir
- nýta sér ýmis hjálpargögn í tungumálanáminu

Hæfniviðmið
Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
• skilja talað mál um kunnugleg efni • skilja meginatriði texta sem innihalda algengan orðaforða • segja frá eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu • miðla á einfaldan hátt efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á í ræðu og riti • skrifa einfalda texta um hugðarefni sín, ýmis málefni og atburði, ímyndaða eða raunverulega, í þátíð, nútíð og framtíð • geta bjargað sér á málinu við algengar aðstæður í almennum samskiptum • meta eigið vinnuframlag og framfarir í málinu

Mat á hæfniviðmiðum
Sjá námsáætlun